

Fundargerð stjórnar

84. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 1. október, 2007 að Austurvegi 52, Selfossi.

Mættir:

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, og Snæbjörn Sigurðsson og Ólafur F. Leifsson.

Einnig mætti á fundinn: Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00

1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)
Fyrir fundinum lágu útreikningar og athuganir endurskoðenda BÁ á því hvort hagstæðara sé fyrir sveitarfélögin að kaupa eða leigja nýtt hús sem í umræðunni hefur verið undanfarna mánuði.
Einar Sveinbjörnsson frá KPMG greindi frá athugunum sem gerðar hafa verið.
Samþykkt að skoða málið frekar á fundi með Fulltrúaráði BÁ n.k. mánudag, 8 október.
2. Reikningur BÁ fyrir árið 2006
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.
Stjórnin samþykkir reikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til fundar Fulltrúaráðs BÁ sem verður haldinn 8. október n.k. kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi.
3. Önnur mál
 - a.) Slökkviliðsstjóri greindi frá ferð til Póllands þar sem væntanlegir slökkvibílar til BÁ voru skoðaðir.
Fundað var með fulltrúum verksmiðjunnar og farið yfir verklýsingar.
Unnið við uppröðun á búnaði í bílana og fl.
Bíllinn sem á að fara í Árnes er langt kominn, hann er nánast eins og fyrirrennarar hans á Laugarvatni og Reykholti.
Selfossbíllinn er í vinnslu.
 - b.) Slökkviliðsstjóri sagði frá vinnu varðandi ársfund FSÍ, Félag slökkviliðsstjóra Íslandi, sem haldinn verður 27. október n.k. að Hótel Heklu Skeiðum.
Öll sveitarfélög (slökkvilið) í Árnessýslu standa að undirbúningi fyrir fundinn.

**Margrét K. Erlingsdóttir Snæbjörn Sigurðsson Ólafur Leifsson
Kristján Einarsson**

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.50